



Skólaráðsfundur 28. janúar 2022 - fjarfundur

Fundinn sátu:

Rannveig Möller og Hrefna Hjartardóttir (kennarar), Snædís Valsdóttir (skólastjóri), Esja Sveinbjörnsdóttir, Grímur G Einarsson, Edda Sigurdís Oddsdóttir (fulltrúi foreldra), Ólafur Þór Jónsson forstöðumaður Buskans, Sædís Sif Harðardóttir forstöðumaður Vogasels, á fundinn komu einnig Sveinn Ævarsson umsjónarmaður fasteigna og Þorbjörg Skúladóttir aðstoðarskólastjóri..

Ritari: Hrefna Hjartardóttir

Fundargerð

Húsnæðismál

Rætt um að fá merkingar á bílastæðið við Skeiðarvog til þess að bílar leggi ekki þar sem rútur þurfa að geta lagt (t.d. sundrúta). Erfitt að fá merkingarnar en verið að vinna í því.

Sveinn sagði að skiltin sem leiðbeina um neyðarútganga séu alltaf slegin niður. Hann er að vinna í að fá aðra tegund af skiltum.

Það var brunaæfing í haust. Nýi skólinn er mjög vel útbúinn varðandi eld (brunaslöngur, sprinklerkerfi o.fl.) en það er ekki eins gott ástand í gamla skólanum (þar er ekki sprinkler). Þar eru útgönguleiðir augljósari og aðgengilegri.

Myndavélakerfi á öllum hurðum, hefur gagnast vel við t.d. innbrot. Það var brotist inn í bílakjallarann um jólin.

Viðhald á húsinu: það hefur verið leki á svæði 5, niðurfall stíflaðist í anddyri á gamla skóla og lak inn í Buskann. Búið að leysa það.

Enn á eftir að ljúka við að hljóðeinangra nokkur rými á annarri hæð nýbyggingarinnar. Skólastjóri hefur skrifað bréf til Skóla- og frístundasviðs til að ítreka mikilvægi þess að lokið sé við að hljóðeinangra. Meðan aðeins er einfalt gler þá er aðstaða í sérdeild og á sumum kennslusvæðum ekki góð vegna þess að hljóð berst auðveldlega inn á svæðin og veldur mikilli truflun.

Það hefur verið oft brotist inn í Vogasel undanfarin ár. Sædís hefur óskað eftir því að fá myndavélar þar. Það þarf að finna lausn t.d. að setja myndavél á Vogaskóla sem beinist að anddyrinu á Vogaseli.

Skólalóð Vogaskóla

Umhverfis- og skipulagssvið hefur ákveðið að endurbætur verði gerðar á skólalóð Vogaskóla í sumar. Stjórnendur hafa safnað hugmyndum hjá nemendum og starfsfólki. Nú er komin teikning af framtíðarsýn, hvernig lóðin verður mögulega þegar allt hefur verið endurnýjað þar. Áætlað er að byrja í vor að endurnýja undirlag á boltavöllum (fótbolta og körfubolta og jafnvel rólusvæði). Kannski verða líka brenndir pókovállir og þannig á lóðina.

Síðar er hugmyndin að sett verði upp skólahreystibraut, ný leiktæki og leikmunstur (brenndir) á þak Vogasels og víðar á lóðinni.

Jökul spyr um hvaða undirlag verði á körfuboltavellinum. Sveinn segir að það verði plastflísar undir og merkingar.

Esja spyr út í þakið á Vogaseli. Snædís/Sveinn segja að það verði málað/innbrenndir vellir þar fyrir leiki á stéttina sem er þar nú þegar. Settar verða leikmottur/annað undirlag í staðin fyrir grasið.

Edda spyr hvernig er hljóðið inni í Vogaseli á meðan verið er að leika sér. Sædís segir að það heyrir bara ef hamast er í handriðinu (barið á því) en ekki þegar þau eru að hoppa. Sædís heldur að þetta verði ekki vandamál.

Sædís vill fá útielastæði og drumba á náttúruleiksvæðið. Sveinn hefur áhyggjur af því að það þyrfti þá að hreinsa það eftir hvert skipti svo krakkarnir séu ekki að fíkta í glóð/ösku.

Skólaráð er ánægt með breytingarnar og samþykkir þær.

Sædís bendir á að það er Vogasel í gangi yfir sumarið og þau munu reyna að passa að krakkarnir skemmi ekki tækin á meðan framkvæmdir eru en iðnaðarfólkið þarf líka að tryggja frágang.

Undirbúa opin fund skólaráðs

Snædís ræðir að hafa fundinn eftir páska/um miðjan apríl þegar líklegt er að samkomur verði leyfðar.

Eða hafa fundinn bara rafrænan.

Foreldrafélagið er alveg óvirkt núna.

Edda segir að í covid hafi dregið úr tengslum milli foreldra.

Snædís segir að það sé kannski betra að auglýsa fundinn vel og hafa staðfund svo fólk geti myndað tengsl. Það vantar enn fólk í skólaráð og fyrir næsta skólaár þarf að fá tvo fulltrúa úr foreldrahópnum því barn Eddu lýkur sinni grunnskólagöngu í vor og þá hættir hún í skólaráði.

Ákveðið að hafa fundinn í vikunni 25-29. apríl.

Hafa fundinn blandaðan, bæði á staðnum og rafrænan.

Næsti fundur

Miðvikudaginn 16. mars klukkan 15:00.